



FRÁ AUÐLINDAFORSKOTI TIL ÞEKINGARFORSKOTS

Aðalfundur Orkuklasns (NOG)

27.apríl 2026

Orkuveitan, Bæjarhálsi 1





1. TILNEFNINGAR: FUNDARSTJÓRI OG FUNDARRITARI

TILNEFNDAR ERU:



Fundarstjóri:
Anna Björg Guðjónsdóttir, lögmaður
Elements by BBA//Fjeldco



Fundarritari
Birta Kristín Helgadóttir, fagstjóri
Orka og grænar lausnir – Íslandsstofa



LÖGMÆTI FUNDAR

Febrúar

Fundur skráður á viðburðardagatal Orkuklasns
12. febrúar

Mars

Tölvupóstur var sendur á alla aðildarfélaga og
þeirra tengiliði 31. mars 2026

Apríl

Áminning 19. apríl 2026
Áminning 22. apríl 2026
Lokaútkall 26. apríl 2026





DAGSKRÁ FUNDAR

- 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.*
- 2. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár.*
- 3. Reikningar nýliðins starfsárs skýrðir, lagðir fram og bornir upp til samþykktar.*
- 4. Fjárhags- og starfsáætlun næsta árs lögð fram og borin upp til samþykktar.*
- 5. Tillaga stjórnar að árgjöldum næsta starfsárs lögð fram og borin upp til samþykktar.*
- 6. Tillaga stjórnar um kjör endurskoðanda*
- 7. Tillaga kjörnefndar um fulltrúa í stjórn, varastjórnar og formanns stjórnar.*
- 8. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum*
- 9. Umræður um fagráð*
- 10. Önnur mál*

2. SKÝRSLA STJÓRNAR


Formaður

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri
Arctic Europe





STARFSEMIN Í HNOTSKURN



Expected results of the full three-year project

- Identification of energy related challenges and key opportunities for increasing energy resilience in EEA/EU funded projects across the North Atlantic.
- Strengthened collaboration between energy clusters, policymakers and industry stakeholders in Norway, Iceland, Greenland, and the Faroe Islands in the energy related value chains.
- A roadmap for joint initiatives, potential pilots and collaboration in EEA/EU funded projects.
- Increased knowledge exchange and best practice sharing in sustainable energy solutions.
- Development of policy recommendations to support resilient energy systems in the North Atlantic region.



Orkuklasinn og Utanríkisráðuneytið

Samtalsfundur um tækifæri og sáttmásmöguleika

13.nóvember 2025
10-11:00
Utanríkisráðuneytið

Join the Kick-off meeting on October 20th

Energy Resilience in the North Atlantic (ERNA)

An Arctic cross border collaboration project funded by NORA

ACT ARCTIC CLUSTER TEAM Sustainable solutions for Northern Norway, Faroe and the World

umhvörvisstofan

Iceland Renewable Energy Cluster


Grænlands Eftirlit Government Business Association

Webinar April 16th, 2024: IMPACT OF THE INFLATION REDUCTION ACT

How Icelandic companies can leverage climate incentives and grants in the U.S.

BUSINESS ICELAND

In collaboration with



FAGFJÁRFESTAR OG ORKUTENGÐ STARFSEMI

Hvar liggja tækifærin?

Hiltan Reykjavík Nordica
26.nóvember 2025

Orkuklasinn

Íslandssjóðir



KPMG Orkuklasinn

Áfallapol greinarinnar



NÝTT NAFN – NÝTT LÓGÓ





STARFSMENN ORKIS



Rósbjörg



Alicja



Jón Björn



Ester



Marianne


3. ÁRSREIKNINGAR ORKUKLASANS 2025

framkvæmdastjóri
Rósbjörg Jónsdóttir



REKSTRARREIKNINGUR


Rekstrartekjur



Rekstrarkostnaður



Rekstrarniðurstaða



Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Aðildarfélagsgjöld	5	30.206.721	30.630.250
Styrkir	6	253.727	0
IGC-Iceland Geothermal Conference	7	0	37.199.787
Verkefni		1.366.348	173.955
		<u>31.826.796</u>	<u>68.003.992</u>
Laun og launatengd gjöld	8	27.381.634	22.746.255
Annar rekstrarkostnaður	9	13.917.821	14.746.104
		<u>41.299.455</u>	<u>37.492.359</u>
(Rekstrartap) hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(9.472.659)	30.511.633
Vaxtatekjur		3.847.955	3.961.957
Vaxtagjöld		(24.617)	(1.321.344)
Gengismunur		0	(65.524)
		<u>3.823.338</u>	<u>2.575.089</u>
(Tap) hagnaður ársins	11	<u>(5.649.321)</u>	<u>33.086.722</u>




EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir



Eigið fé og skuldir



Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Óefnislegar eignir	10	5.000.000	5.000.000
		<u>5.000.000</u>	<u>5.000.000</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		2.346.196	171.120
Handbært fé	4	67.531.408	71.811.812
		<u>69.877.604</u>	<u>71.982.932</u>
Eignir samtals		<u>74.877.604</u>	<u>76.982.932</u>
Eigið fé			
Heildar eigið fé			
Oráðstafað eigið fé	11	35.719.507	41.368.828
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Framlag í sjóð	12	30.000.000	30.000.000
Viðskiptaskuldir		265.442	315.646
Aðrar skammtímaskuldir		8.892.655	5.298.458
		<u>39.158.097</u>	<u>35.614.104</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>74.877.604</u>	<u>76.982.932</u>


4. ÁÆTLUN & AÐGERÐIR 2026–2027

Starfandi framkvæmdastjóri
Rósbjörg Jónsdóttir

FJÁRHAGS ÁÆTLUN



Rekstrartekjur	Raunstaða 31.mars 2026 (Orkuklasinn og GEORG)	Áætlun 2026 OK/GE/IN = ORKIS	Áætlun 2027 OK/GE/IN = ORKIS
Aðildarfélagsgjöld	12.799.870 kr.	32.000.000 kr.	35.000.000 kr.
óreglulegar tekjur	6.407.996 kr.	53.000.000 kr.	60.000.000 kr.
fastar tekjur	7.342.387 kr.	40.000.000 kr.	80.000.000 kr.
Tekjur samtals	26.550.253 kr.	125.000.000 kr.	175.000.000 kr.
Rekstrarkostnaður			
Launakostnaður	16.244.873 kr.	75.000.000 kr.	90.000.000 kr.
Rekstrarkostnaður	14.821.350 kr.	35.000.000 kr.	70.000.000 kr.
Sameiningarkostnaður		20.000.000 kr.	
Rekstrarkostnaður samtals	31.066.223 kr.	130.000.000 kr.	160.000.000 Kr.
Áætluð rekstrarniðurstaða	- 4.515.970 kr.	- 5.000.000 kr.	15.000.000. kr.






Aðgerðaáætlun 2026–2027


Aðgerðir	Maí – Ágúst	Sept – Okt	Nóv – des
Almenn stjórnun			
Samræming og samhæfing verkefna og sækja ný			
Upplýsingafundir félagsmanna	Hvað er í gangi og hvar liggja tækifærin 1x maí & 1x Ágúst	Hvað er í gangi og hvar liggja tækifærin 1xOkt	Hvað er í gangi og hvar liggja tækifærin 1x des
Faghópafundir	Frá Ágúst		
Stjórnun verkefna			
Klasastjóri heimsækir aðildarfélaga	3-5 aðildarfélagar heimsóttir pr mánuð	3-5 aðildarfélagar heimsóttir pr mánuð	3-5 aðildarfélagar heimsóttir pr mánuð
Námskeið f Aðildarfélaga	Ágúst – sept Stjórnun umbreytinga		
Aðrir viðburði	WGC – júní 3 workshop – GEORG	Baker Huges 15.sept	

Verkefnapípa ORKIS





Verkefnapípa ORKIS



FLAGGSKIP VETTVANGSINS



Derisking geothermal - **Geothermal in practice** – Next Generation of Geothermal – **Geothermal for All**








ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE



Iceland Geothermal Conference
**INNOVATION
AWARD**



Reykjavík • Harpa • 25–27 May, 2027

 <p>dr. Lija Magnúsdóttir Conference chair HS Orka Director of Resource Management Geothermal Association of Iceland Chairman</p>	 <p>Alma Stefánsdóttir Committee member Landsvirkjun Geothermal Specialist</p>	 <p>Anna Björg Guðjónsdóttir Committee member BSA Spíða / Elements Senior Associate Icelandic Renewable Energy Cluster (IREC) Vice Chair of the board</p>	 <p>Kristín Steinsunnardóttir Committee member COWI Iceland Geothermal Specialist Icelandic Renewable Energy Cluster (IREC) Vice Chair of the board</p>
 <p>Þorleifur Jónsdóttir Committee member Icelandic Renewable Energy Cluster (IREC) CEO</p>	 <p>dr. Vala Hjörtelsdóttir Committee member Reykjavík University Associate professor</p>	 <p>Þorleifur Jónsson Committee member Vika Consulting Engineers Mechanical Engineer, Geothermal Systems</p>	

Stýrihópur IA-IGC 2027

Lárus HS // Hari LV // Hörður AG



Opnað verður fyrir abstracta í vikunni!
Og verður opið til 15. október nk

5. AÐILDARFÉLAGSGJÖLD

Fundarstjóri ber upp tillögu stjórnar

STJÓRN LEGGUR TIL 5 % HÆKKUN Í FLOKKI 1-4 AÐILDARFÉLAGSGJALDA FRÁ OG MEÐ 1.JÚLÍ NK

	1.1.2026	1.7.2026 árgjaldið mv. 12 mán	1.7.2026 mánaðrgjaldið
Flokkur I	1.811.256 kr.	1.901.819 kr.	158.485 kr.
Flokkur II	1.304.100 kr.	1.369.305 kr.	114.109 kr.
Flokkur III	579.600 kr.	608.580 kr.	50.715 kr.
Flokkur IV	905.628 kr.	950.909 kr.	79.242 kr.
^F Flokkur V - eingreiðsla _{lo}	60.000 kr.		60.000 kr.

6. KJÖR ENDURSKOÐANDA

Fundarstjóri ber upp tillögu stjórnar

TILNEFNING STJÓRNAR



Dána Hilmarsdóttir,
Löggiltur endurskoðandi
Partner KPMG

7. TILLAGA KJÖRNEFNDAR TIL STJÓRNARSETU,

Lilja Tryggvadóttir, formaður kjörnefndar 2026–27



SAMKVÆMT SAMÞYKKTUM ORKUKLASANS (NOG) FRÁ 14. JANÚAR 2026

17. gr. Kjörnefnd

Stjórn félagsins skipar þrjá einstaklinga í kjörnefnd úr hópi fulltrúa aðildarféлага, en enginn úr hópi stjórnarmanna skal sitja í kjörnefnd né heldur framkvæmdastjóri. Hlutverk kjörnefndar er að leggja til við aðalfund/félagsfund hverjir skuli sitja í stjórn félagsins á næsta kjörtímabili eftir aðalfund og hver skipi sæti stjórnarformanns á næsta kjörtímabili eftir aðalfund.

Kjörnefnd skal einnig leggja til við aðalfund hver skipi fagráð félagsins og gæta að samsetning stjórnar og fagráðs endurspegli sem best fjölbreytileika aðildarféлага félagsins.

Kjörnefnd gengur úr skugga um hvort löglega sé til aðalfundar boðað og hversu mörg atkvæði aðalfundarfulltrúar fara með í heild. Starfstími kjörnefndarfulltrúa er eitt ár. Horft skal til þess úr hvaða geira iðnaðarins kjörnir fulltrúar eru. Einnig skal taka tillit til atriða svo sem menntunar, starfsreynslu, kyns, jafnræðis og góðra stjórnarháttar og að fulltrúar sem fjölbreyttastra sjónarmiða aðildarféлага sitji í stjórn hverju sinni.

18. gr. Skipan stjórnar

Aðalfundur kýs formann stjórnar og sex aðra stjórnarmenn úr hópi fulltrúa aðildarféлага. Auk þess kýs aðalfundur þrjá varamenn í stjórn félagsins.

Sérhver stjórnarmaður skal kjörinn til tveggja ára. Á öðrum hverjum aðalfundi skal kjósa formann og þrjá meðstjórnendur en á næsta fundi skal kjósa þrjá meðstjórnendur.

KJÖRNEFND 2026 – 2027



Lilja Tryggvad

Orkuveitan



Tryggvi Haraldss

Rarik



Unnur M Þorvaldsd

Landsvirkjun



AÐALSTJÓRN 2026 – 2027

Tillaga kjörnefndar : Stjórn Orkis 2026 – 2027

Aðalstjórn ath. 7 fulltrúar ekki 9

Kristján Guðmundsson, Landsvirkjun	2 ár
Kristín Steinunnardótti, COWI	1 ár
Deirdre Clark, ÍSOR	1 ár
Árni Hrannar Haraldsson, Orka Náttúrunnar – formaður	2 ár
María S. Guðjónsdóttir, Háskólinn í Reykjavík	2 ár
Carine Chatney, Verkís	2 ár
Pétur Heide Pétursson, Arion banki	1 ár



VARASTJÓRN 2026 – 2027

Tillaga kjörnefndar : Stjórn Orkis 2026 – 2027

varastjórn 3

Kristín Soffía Jónsdóttir, Rarik ohf

1 ár

Steinþór Gíslason, Efla

1 ár

Yngvi Guðmundsson, HS Orka

1 ár



FAGRÁÐ 2026 – 2027

Tillaga kjörnefndar er að Fagráð 2026–2027 verði valið í samstarfi við nýkjörna stjórn og framkvæmdastjóra félagsins og að í framhaldinu verði endurskoðað í samþykktum hvernig val á einstaklingum í fagráð fari fram.

8. TILLAGA STJÓRNAR UM BREYTINGU Á SAMÞYKKTUM

Fundarstjóri ber upp tillögu stjórnar

SAMÞYKKTIR



I. kafli – Aðild og félagsgjöld

1.gr. Nafn og heimilisfang

Orkis – Orka Íslands eru almenn félagasamtök (hér eftir „félagið“ eða „Orkis“). Heiti félagsins á ensku er Orkis – Energy Cluster Iceland. Heimilisfang félagsins og varnarþing er að Kristínargötu 1, 102 Reykjavík].

2.gr. Tilgangur og markmið

Félagið er samstarfsvettvangur aðila sem mynda virðiskeðju orkugeirans og orkutengdrar starfsemi með áherslu á endurnýjanlega orku. Félagið starfar á grunni klasahugmyndafræðinnar.

Félagið er brú milli rannsókna, atvinnulífs og stjórnvalda, sem auðveldar nýsköpun með tengingum við fjármagn og samvinnu.

Tilgangur félagsins er að stuðla að framþróun tengdri öflun og nýtingu endurnýjanlegrar orku, svo sem jarðhita, orkuskiptum og fleiri þáttum tengdum orkumálum, með verkefnum og þjónustu við félagsmenn til að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun aðildarfélaga sinna. Tilgangi sínum hyggst félagið einnig ná með verkefnamiðuðu innlendu og alþjóðlegu samstarfi.



SAMÞYKKTIR FRH.

II. kafli – Aðild og félagsgjöld

3.gr. Félagsaðild

Allir einstaklingar, lögaðilar og stofnanir sem hafa áhuga á og ávinning af framþróun á orkutengdri starfsemi og vilja styðja við tilgang og markmið félagsins hafa möguleika á að verða aðildarfélagar. Umsókn um aðild skal senda framkvæmdarstjóra félagsins sem ber aðildarumsókn fyrir stjórn til samþykktar.

4.gr. Félagsgjöld og vægi atkvæða

Félagsmenn skulu greiða félagsgjald sem ákveðið er á aðalfundi félagsins. Félagsgjald skiptist í ólíka flokka og misjafnt vægi atkvæða fylgir ólíkum félagsflokkum. Heimilt er að innheimta félagsgjöld mánaðarlega eða árlega en nánar er kveðið á um innheimtu félagsgjalda í aðildarsamningum.

5.gr. Uppsögn

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur félagsaðilar er þrjú mánuðir.

Félagið getur einnig sagt upp samningnum án fyrirvara ef aðildarfélagi brýtur verulega gegn skilmálum samningsins eða samþykktum félagsins eða ef hegðun aðildarfélaga er talin skaðleg hagsmunum eða orðspori félagsins. Í slíkum tilfellum skal aðildarfélagi gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en endanleg ákvörðun um uppsögn er tekin af stjórn.



SAMÞYKKTIR FRH.

III. kafli – Stjórnun félagsins

6.gr. Aðalfundur

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar og félagsfunda.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Aðalfund skal halda eigi síðar en í lok apríl ár hvert. Stjórn félagsins skal boða aðalfund á sannanlegan hátt með minnst tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði komi fram dagskrá fundarins og fundarefni. Skemmst viku fyrir félagsfund geta félagar gert kröfu um að aðrir dagskrárliðir skuli ræddir á fundinum, en fram kemur í boðun fundarins.

Aðildarfélagar skuldlausir við félagið eða fulltrúar þeirra með skriflegt umboð hafa rétt til að sitja aðalfund og félagsfund og greiða atkvæði um málefni sem borin eru upp til atkvæða á fundinum. Atkvæði aðildarfélaga er háð félagsgjaldi hans samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

Atkvæði = 1 + félagsgjald aðildarfélaga deilt með grunnfélagsgjaldi.

Grunnfélagsgjald er lægsta félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar.



SAMÞYKKTIR FRH.

7. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár.
3. Reikningar nýliðins starfsárs skýrðir, lagðir fram og bornir upp til samþykktar.
4. Fjárhags- og starfsáætlun næsta árs lögð fram og borin upp til samþykktar.
5. Tillaga stjórnar að árgjöldum næsta starfsárs lögð fram og borin upp til samþykktar.
6. Kjör stjórnar, varastjórnar og formanns stjórnar.
7. Kjör endurskoðanda.
8. Önnur mál

8. gr. Félagssfundir

Félagssfund skal halda ákveði stjórn félagsins það eða ef minnst þriðjungur (1/3) skráðra og fullgildra aðildarfélaga óskar þess skriflega með sannanlegum hætti. Fundinn skal halda innan tveggja mánaða frá því formleg/skrifleg ósk um að halda félagssfund hefur borist stjórn félagsins. Um boðun og lögmæti fundar fer að öðru eftir ákvæði 6. gr.



SAMÞYKKTIR FRH.

9. gr. Kjörnefnd

Stjórn félagsins skipar þrjá til fimm einstaklinga í kjörnefnd úr hópi fulltrúa aðildarfélaga, en enginn úr hópi stjórnarmanna skal sitja í kjörnefnd né heldur framkvæmdastjóri. Hlutverk kjörnefndar er að leggja til hverjir skuli sitja í stjórn félagsins á næsta kjörtímabili og hver skipi sæti stjórnarformanns á næsta kjörtímabili. Starfstími kjörnefndarfulltrúa er eitt ár. Kjörnefnd gengur úr skugga um hvort löglega sé til aðalfundar boðað og hversu mörg atkvæði aðalfundarfulltrúar fara með í heild.

Kjörnefnd skal gæta að samsetning stjórnar endurspegli eftir fremsta mætti fjölbreytileika aðildarfélaga hvað varðar eignarhald, stærð og helstu viðfangsefni. Stjórn skal bera með sér fjölbreytni og breidd í menntun, starfsreynslu og þekkingu og skal stefnt að því að kynjahlutföll í stjórn séu sem jöfnust. Þá skal horft til góðra stjórnarhátta og jafnræðis og að fulltrúar sem fjölbreytta sjónarmiða aðildarfélaga sitji í stjórn hverju sinni.



SAMÞYKKTIR FRH.

10 gr. stjórn

Aðalfundur kýs formann stjórnar og sex aðra stjórnarmenn úr hópi fulltrúa aðildarféлага. Auk þess kýs aðalfundur þrjá varamenn í stjórn félagsins. Sérhver stjórnarmaður skal kjörinn til tveggja ára. Á öðrum hverjum aðalfundi skal kjósa formann og þrjá meðstjórnendur en á næsta fundi skal kjósa þrjá meðstjórnendur. Stjórn félagsins fer með málefni á milli aðalfunda og ber faglega ábyrgð á störfum félagsins.

Stjórnarfundir eru lögmætir sæki meirihluti stjórnarmanna stjórnarfundi. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði jöfn við ákvarðanatöku skal boða til annars stjórnarfundar þar til niðurstaða næst í umrædda ákvörðun. Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um fundarboðun, verkskiptingu stjórnar og önnur almenn mál.

Stjórnarmönnum eru ekki greidd laun fyrir stjórnarstörf.



SAMÞYKKTIR FRH.

11 gr. Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri og kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum er varða daglegan rekstur. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun og kjör.

Framkvæmdastjóri, í umboði stjórnar, ber ábyrgð á fjárræðum og að bókhald sé í samræmi við lög og almennar reikningskilavenjur.

Framkvæmdastjóri hefur málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum sitji hann þá að beiðni stjórnar. Framkvæmdastjóri hefur ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum.

12. gr. Firma félagsins

Stjórnarformaður ásamt framkvæmdastjóra ritar firma félagsins.

13. gr. Ábyrgð stjórnarmanna

Stjórnarmenn félagsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum þess. Stjórnarmenn bera ekki ábyrgð gagnvart félaginu, aðildarfélögum eða öðrum aðilum á störfum sínum nema þeir hafi með þeir hafi með ásetningi eða stórfelldu gáleysi valdið félaginu, aðildarfélögum eða öðrum aðilum tjóni með athöfnum eða athafnaleyfi sem ekki samrýmast stefnu eða ákvörðunum stjórnar eða aðildarfélaga félagsins.



SAMÞYKKTIR FRH.

14. gr. Hlutleysi

Félagið skal í öllu starfi gæta fyllsta hlutleysis og óhlutdrægni. Félagið skal ekki taka afstöðu í hagsmunamálum einstaka aðildarfélaga, heldur byggja starfsemi sína á málefnalegum grunni en hlutleysi er grundvallarforsenda þess að félagið gæti þjónað ólíkum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn skulu sömuleiðis virða meginreglu um hlutleysi í öllum sínum störfum fyrir félagið.

IV. kafli – Fjárreiður félagsins

15.gr. Ráðstöfun hagnaðar

Aðildarfélagar geta ekki gert tilkall af hagnaði sem kann að verða af rekstri félagsins. Verði hagnaður af rekstri félagsins er það stjórnar að taka ákvörðun um meðferð hans, í samræmi við þessar samþykktir og tilgang félagsins. Félaginu er heimilt að nýta fjárhagslegan afrakstur verkefna sem unnin eru á vettvangi félagsins til fjárfestinga í verkefnum að því gefnu að afrakstur slíkra verkefna muni nýtast stórum hópi aðildarfélaga. Áform um slíkar fjárfestingar skal bera upp á stjórnarfundum til samþykktar eða synjunar. Telji stjórn fyrirhugaða fjárfestingu eða sölu hennar vera af þeirri stærðargráðu og/eða mikilvægi að bera þurfi hana undir aðildarfélaga skal hún borin upp á félags- eða aðalfundi félagsins. Félaginu er ekki heimilt að taka lán til slíkra fjárfestinga. Ávallt skal túlka þessa undanþáguheimild þröngt.



SAMÞYKKTIR FRH.

16.gr. Reikningsár og endurskoðun

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningar skulu lagðir fram á aðalfundi til samþykktar.

V. kafli – Ýmis ákvæði

17. gr. Breytingar á samþykktum

Ákvörðun um breytingar á samþykktum félagsins skal taka á aðalfundi eða auka félagsfundum sem boðað hefur verið til með löglegum hætti, með einföldum meirihluta atkvæða. Í fundarboði skal tilgreina tillögur um fyrirhugaðar breytingar.

18.gr. Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi eða auka félagsfundum sem boðað hefur verið til með löglegum hætti, með einföldum meirihluta atkvæða. Ef félaginu er slitið skal félagsfundur taka ákvörðun um ráðstöfun eigna, í samræmi við tilgang félagsins, t.d. til annarra félagasamtaka með sambærilegan tilgang eða til almannaheilla. Verði félagið lagt niður skal stjórn þess gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri þess.

19. gr. Kjör stjórnar á aðalfundi 2026 – ákvæði til bráðabirgða

Á aðalfundi félagsins árið 2026 skal heimilt að kjósa nýja stjórn, formann og sex aðra stjórnarmenn ásamt þremur varamönnum, þar sem hluti stjórnarmanna verður kjörinn til eins árs en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára. Að öðru skal fara eftir ákvæðum samþykktar.

9. UMRÆÐUR UM FAGRÁÐ

10. ÖNNUR MÁL

